

Ár 2009, miðvikudaginn 1. júlí, er á dómþingi Héraðsdóms Suðurlands, sem háð er að Austurvegi 4, Selfossi, kveðinn upp í máli nr. S-203/2009:

Ákærvaldið

(Gunnar Örn Jónsson ftr.)

gegn

Björt Karlsdóttur

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

og

Sigmundi Heiðari Árnasyni

(Stefán Karl Kristjánsson hdl.)

svofelldur

d ó m u r :

Mál þetta, sem þingfest var 14. maí sl. og dómtekið 12. júní sl., er höfðað með ákæru lögreglustjórans á Selfossi, dagsettri 30. mars 2009, á hendur Björt Karlsdóttur, kt. 000000-0000, Lindasmára 5, Kópavogi, en til dvalar í fangelsinu að Kópavogsbraut 17 í Kópavogi, og Sigmundi Heiðari Árnasyni, kt. 000000-0000, óstaðsettum í hús á Akranesi,

„fyrir eftirfarandi brot framin föstudaginn 30. maí 2008:

I.

gegn ákærðu báðum fyrir þjófnað

með því að hafa um hádegisbil fyrrnefndan dag brotist inn í íbúðarhúsið við Varmahlíð 2 í Hveragerði og stolið þaðan Apple borðtölvu, Fujitsu Siemens fartölvu, fatnaði, nætursjónauka, bastkörfu og kastspjóti allt samtals að verðmæti kr. 362.500.-og einnig silfurborðbúnaði og 22 cal. riffli að óþekktu verðmæti.

Telst brot þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

II.

gegn ákærða Sigmundi fyrir vopnalagabrot

með því að hafa haft í vörslum sínum óskráða og sundurtekna ERA haglabyssu og að auki geymt haglabyssuna og skotfæri, nánar tiltekið 23 haglaskot í skotbelti, saman í ferðatösku í farangursgeymslu bifreiðarinnar PM-849, en lögregla fann framangreint vopn og skotfæri við leit í fyrrgreindri bifreið þar sem hún var staðsett við Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands í Hveragerði, skömmu eftir að atburðir samkvæmt ákærulið I áttu sér stað.

Teljast brot þessi varða við 1. mgr. 12. gr. og 1. og 2. mgr. 23. gr. vopnalaga nr. 16, 1998 og 33. gr. reglugerðar nr. 787, 1998, sbr. 1. mgr. 36. gr. vopnalaga nr. 16, 1998.

III.

gegn ákærðu Björt fyrir umferðarlagabrot

með því að hafa ekið bifreiðinni PM-849 svipt ökurétti frá Þorlákshöfn að Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands, Hveragerði.

Telst brot þetta varða við 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

-

Þess er krafist að ákærðu verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar. Þá er þess einnig krafist með vísan til 1. mgr. 37. gr. vopnalaga nr. 16, 1998 að framangreind ERA haglabyssu með eintaksnúmer 117292 og 23 haglaskot verði gerð upptæk til ríkissjóðs ásamt belgískum riffli með eintaksnúmer 69193, 44. cal. skammbyssu með eintaksnúmer 32973, exi og kastspjóti sem einnig fundust í bifreiðinni PM-849 og í fórum ákærða Sigmundar.“

Ákærðu mættu bæði við þingfestingu málsins þann 14. maí sl. Ákærðu neituðu sök í ákærulið I en játuðu sök í ákæruliðum II og III. Fór aðalmeðferð fram þann 12. júní og var málið dómtekið í framhaldi.

Við aðalmeðferð málsins kröfðust verjendur ákærðu þess að þau yrðu sýknuð af ákærulið I en að þeim yrði gerð vægasta refsing sem lög leyfa vegna ákæruliða II og III. Þá gerðu verjendur ákærðu kröfu um málsvarnarlaun og að þau yrðu greidd úr ríkissjóði.

Ákæruliður I.

Málavextir.

Í frumskýrslu lögreglu, dagsettri 30. maí 2008, kemur fram að lögreglan hafi fengið tilkynningu frá Fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra um mann sem virtist vera að fela einhverja hluti inni í runna við gatnamót Varmahlíðar og Frumskóga í Hveragerði. Þegar lögreglumenn komu á vettvang hittu þeir vitni sem bentu á manninn. Við Varmahlíð 2 hittu lögreglumennirnir ákærða Sigmund. Gaf Sigmundur þá skýringu að hann hefði verið að koma frá Þorlákshöfn og ætlað að heimsækja Skapta og Dísu sem bjuggu að Varmahlíð 2. Þau hefðu ekki verið heima og hann því gengið bak við húsið og hafi hann þar séð ríffil, spjót, billiardkjuða og nætursjónauka á veröndinni. Kvaðst ákærði hafa ætlað að fela dótið til að enginn annar kæmist í það. Hafði lögreglan samband við Þórdísi, íbúa hússins, og kvaðst hún þekkja ákærða Sigmund en hann ætti ekkert erindi til hennar. Upplýsti hún lögregluna um að húsið hefði verið ólæst. Var ákærði handtekinn og fluttur á lögreglustöðina á Selfossi. Tjáðu vitni lögreglunni að þau hefðu séð mann fela eitthvert dót inni í runna og gengið síðan að gatnamótum Varmahlíðar og Bláskóga og töldu þau að maðurinn hefði þá orðið var um sig. Farið var að Varmahlíð 2 þegar Þórdís kom heim. Var mikið búið að róta í öllu húsinu og hafi slóð af íslenskri og erlendri smámynt legið frá veröndinni bak við húsið út á bifreiðastæðið framan við húsið. Kvað Þórdís að mikið af skartgripum væru horfnir, tvær tölvur, ein fartölva og ein Apple-borðtölva. Þá kemur fram í skýrslunni að bifreiðin PM-849 hefði fundist austan við Heilsustofnun NLFÍ í Hveragerði, mannlau. Í bifreiðinni sást í skammbyssuskefti undir farþegasætinu. Við öryggisleit í bifreiðinni fannst skammbýssa (rúletta) cal. 44, sundurtekin haglabýssa (tvíhleypa) og 23 haglaskot í belti svo og exi. Þá fannst við leit í bifreiðinni Apple-borðtölva ásamt lyklaborði og mús fyrir aftan bílstjórasætið og brúnt box með skartgripum hafi legið í aftursæti. Bastkarfa með silfurborðbúnaði hafi einnig fundist og hvítur skartgripakassi með hálsfesti og armbandi hafi fundist í hanskahólfi. Þá hefðu ætluð fíkniefni fundist á milli framsætanna í hólfi aftan við öskubakka. Að sögn Þórdísar var verðmæti þess sem fannst í bifreiðinni um 362.500 krónur en hún vissi ekki um verðmætið á silfurborðbúnaðinum og 22. cal. rífflinum, það hefðu verið erfðagripir. Aðspurð kvaðst Þórdís fara fram á refsí- og bótakröfu á hendur grunuðum.

Samkvæmt lögregluskýrslu dagsettri 1. júní 2008 var ákærða Björt handtekin að Unufelli 44 í Reykjavík þann dag. Hafi hún verið í annarlegu ástandi, óskýr í tali og mjög sljó. Var leit gerð í íbúðinni og fundust þar í hólfi bak við viftu

í eldhúsi fartölva í tösku, iPod, rafrænn lykkill, veski, snyrtitaska með snyrtidóti, tveir GSM-símar, úr og skartgripir.

Skýrsla var tekin af ákærða Sigmundi hjá lögreglu þann 30. maí 2008. Kvaðst ákærði þá hafa komið að Varmahlíð 2 í Hveragerði til Dísu og Skapta. Þegar hann hafi komið að húsinu hafi allt verið á rúi og stúi. Taldi hann að einhver hefði brotist þar inn og lagt allt í rúst. Kvaðst hann ekki hafa vitað af jarðskjálftanum á þeirri stundu. Hann hefði því tekið þá ákvörðun að bjarga einhverjum af þeirra verðmætum og borið eitthvað út af því sem hann taldi verðmætast fyrir þau. Það hefði aldrei hvarflað að honum að stela neinu frá þeim þar sem þau væru vinir hans. Það sem hann hefði tekið hefði hann sett inn í runna þar rétt hjá og síðan ætlað að bíða þar til einhver kæmi heim. Hafi hann verið þar þegar lögreglan kom. Kvaðst ákærði hafa fengið far þangað með stúlku sem heiti Björt og hefði hún verið á grárrí Toyotu. Hann hefði átt tvær töskur í bifreiðinni og fleira dót; síma, lyf, vín, box með úrum og skartgripum og fleira. Kvaðst ákærði hafa verið að koma frá Þorlákshöfn. Ákærði kvaðst hafa farið með tvær tölvur og skammbyssu út í bifreiðina. Hann myndi ekki eftir fleiri hlutum. Ætlunin hafi síðan verið að fara sjálfur með bílnum að finna Dísu og Skapta og afhenda þeim munina. Björt hefði síðan verið horfin þegar hann kom út með litla riffilinn, spjótíð og kíkinn. Því hefði hann staðið eins og glópur með hlutina í fanginu, peningalaus og allslaus. Þá kvaðst ákærði hafa átt sjónaukann sjálfur, hann hefði verið í láni hjá Skapta. Aðspurður kvaðst ákærði ekki hafa haft samband við ákærðu Björt eftir að hún fór frá Varmahlíð 2, en hún hefði bara horfið. Hún hefði átt að bíða en látið sig hverfa. Kvað ákærði erindi sitt til Dísu og Skapta hafa verið að fá hjá þeim peninga að láni til að hann kæmist upp á Akranes en hann hefði verið peningalaus. Þá kvaðst ákærði ekki hafa þekkt ákærðu Björt lengi, hann viti ekki hvar hún eigi heima né hvar hún haldi til. Þá kvaðst ákærði hafa komið frá Reykjavík til Þorlákshafnar og ekið þaðan daginn eftir til Hveragerðis en þau hefðu fengið bifreiðina lánaða hjá Auði Ólafsdóttur í Kópavogi á fimmtudagskvöldinu áður.

Ákærða Björt kvaðst hjá lögreglu lítið muna eftir málinu. Hún og ákærði Sigmundur hefðu haft bifreiðina að láni og ekið frá Þorlákshöfn til Hveragerðis. Þau hafi síðan farið inn í hús og viti hún ekki af hverju það hús varð fyrir valinu. Þar hafi þau tekið tölvur og eitthvað fleira dót sem hún mundi ekki nákvæmlega hvað var. Hefðu bæði hún og ákærði Sigmundur borið dótið út úr húsinu og inn í bílinn. Hún hefði ekki vitað hvað þau ætluðu að gera við þessa muni. Hún hefði síðan séð lögreglubifreið og því ekið í burtu og skilið Heiðar eftir. Hún hefði ekið til Reykjavíkur en snúið við og farið aftur til Hveragerðis til að ná í Heiðar. Hún hefði síðan skilið bifreiðina eftir þar sem hún fann ekki ákærða í Hveragerði og tekið leigubifreið til Reykjavíkur. Þá kveðst ákærða hafa gert sér grein fyrir því að hún og ákærði Sigmundur hafi verið að fara inn í húsið í óleyfi til þess að taka þaðan hluti í óleyfi.

Í upplýsingaskýrslu lögreglu segir að við handtöku ákærðu Bjartar á heimili hennar að Unufelli 44 í Reykjavík hefði fartölva í tösku fundist, iPod, rafrænn lykkill, veski, snyrtitaska með snyrtidóti, tveir GSM-símar, úr og skartgripir fundist í hólfi á bak við viftu í eldhúsi. Var hald lagt á þessa muni. Var Þórdísi Óladóttur afhentur hluti af þessum munum samkvæmt munaskýrslu lögreglunnar.

Samkvæmt upplýsingaskýrslu lögreglunnar er belgískur riffill, eintaksnúmer 69193, skammbýssa rúlletta, eintaksnúmer 32973, og haglabýssa

ERA, eintaksnúmer 117292, óskráð.

Skýrslur fyrir dómi.

Ákærða Björt kom fyrir dóminn og kvaðst lítið muna eftir ferð þeirra til Hveragerðis. Hún hefði átt leið þangað en hún hefði ætlað að bjarga verðmætum þar úr húsi sem hefði lent í jarðskjálfta en kvaðst ekki vita ástæðuna fyrir því. Kvaðst hún ekki muna eftir því að skýrsla hafi verið tekin af henni hjá lögreglu í tilefni af málinu. Aðspurð um framburð hennar hjá lögreglu þann 1. júní 2008, kvaðst hún ekki muna eftir því. Aðspurð um þá muni sem fundust á heimili hennar og stöfuðu frá Varmahlíð 2, tölva og iPod, kvaðst hún ekki muna eftir þeim. Kvaðst hún hafa verið undir áhrifum fíkniefna á þessum tíma. Ákærða staðfesti undirritun sína á lögregluskýrsluna.

Ákærði Sigmundur kom fyrir dóminn og kvaðst hafa ætlað að heimsækja vinafólk sitt, Dísu og Skapta, í Hveragerði. Hann hefði hitt Björt sem hefði ekið honum til Hveragerðis. Þegar hann kom að Varmahlíð 2 hefði hann séð að húsið var að hruni komið og inni hefði lítið út eins og það hefði orðið árás. Kvaðst hann ekki hafa vitað af því að mikill jarðskjálfti hefði gengið yfir deginum áður. Húsið hefði verið opið og því hefði hann ætlað að reyna að bjarga eigum þeirra og byrjað að bera hluti út í bifreiðina. Á meðan hann var inni í einni ferðinni hefði ákærða Björt farið burt á bifreiðinni og hefði hann ekki vitað hvert hún fór. Því hefði hann borið hluti út í runna til að þeir lægju ekki á bersvæði, en fljótlega hefði lögreglan komið og handtekið hann. Kvaðst hann hafa skýrt lögreglunni eins frá en hún ekki trúað honum. Kvaðst hann hafa ætlað að skila umræddum hlutum til réttra eigenda en hann kvaðst hafa haldið að það hefði verið brotist inn í húsið. Kvað hann íbúana að Varmahlíð 2 hafa verið vini sína til margra ára. Aðspurður neitaði ákærði að hafa haft hugmynd um að jarðskjálftinn hefði riðið yfir, hann hefði á þeim tíma verið í Hvalfirði og í drykkju.

Vitnið Þórdís Óladóttir, kt. 000000-0000, Varmahlíð 2, Hveragerði, kom fyrir dóminn. Kvað hún eiginkonu ákærða vera vinkonu sína. Kvaðst hún ekki hafa verið heima hjá sér daginn eftir að jarðskjálftinn reið yfir. Hún hefði farið með börnin til Reykjavíkur eftir skjálftann. Á meðan hún var á leið til Reykjavíkur hefði lögreglan hringt í hana og tilkynnt henni að hún hefði tekið Sigmund heima hjá henni við að bera dót út úr húsinu. Kvað hún allt hafa verið á öðrum endanum eftir skjálftann, allt hefði brotnað sem gat brotnað, ísskápur sem hefði verið tengdur við vatn hefði gengið til og vatn flætt um allt. Húsgögn og myndir hefðu verið á rúi og stúi. Húsið hefði verið ólæst að ábendingu almannaþinganna. Kvaðst hún ekki vita til að ákærði hefði átt neitt erindi í hús hennar. Hún hefði hins vegar fengið þá muni til baka sem ákærði tók. Kvað hún fartölvu hafa verið inni í herbergi dóttur hennar og eitthvað af dótinu hefði legið á gólfinu eftir jarðskjálftann. Þá hefði sjónauki verið frammi við útidyr og spjót hefði verið inni í stofu en inn í stofuna þyrfti að ganga í gegnum eldhús og sólstofu áður en komið væri inn í stofuna. iPodinn hefði verið inni í einhverju barnaherberginu. Vitnið kvaðst aldrei hafa lagt fram formlega kæru en hún hefði móttekið aftur þá muni sem teknir voru. Kvaðst hún í fyrstu hafa lítið svo á að ákærði Sigmundur hefði farið inn í húsið til að stela en síðan kvaðst hún hafa lítið öðrum augum á atburðinn og kvaðst hún trúa því að ákærði hefði ætlað sér að bjarga þeim munum sem hann tók. Hún kvaðst trúa því að ákærði hafi ætlað

að skila sér hlutunum aftur.

Vitnið Birgri Már Vigfússon lögreglumaður kom fyrir dóminn og kvaðst hafa fengið tilkynningu um að búið væri að handtaka mann vegna innbrots í Hveragerði. Hefði vitnið farið á staðinn og handtekið ákærða Sigmund sem hefði verið fluttur á lögreglustöð. Í framhaldi hefði verið haft samband við húsráðanda. Vitnið kvaðst ekki hafa komið meira að málinu utan að votta undirritun ákærðu Bjartar þegar hún gaf skýrslu fyrir lögreglu. Mundi vitnið ekki eftir ástandi hennar við skýrslugjöfina. Aðspurt kvað vitnið ákærða hafa sagt á vettvangi að hann hafi ætlað að bjarga verðmætum og að hann þekkti húsráðendur.

Vitnið Ingibjörg Sigmundsdóttir, kt. 000000-0000, Heiðmörk 31, Hveragerði, kom fyrir dóminn og kvaðst hafa verið að koma niður Laufskógana og þá séð mann koma gangandi niður götuna. Hefði vakið furðu vitnisins að maðurinn var að rogast með byssu, spjót og einhvern kassa. Hefði vitnið fylgst með mannum ganga áfram götuna en maðurinn hefði orðið var við vitnið. Maðurinn hefði gengið með munina inn á autt svæði og komið annars staðar þaðan út tómhentur. Því hefði vitnið hringt og tilkynnt um manninn til lögreglunnar.

Vitnið Hreinn Kristófersson, kt. 000000-0000, Heiðmörk 31, Hveragerði, kom fyrir dóminn og kvaðst hann hafa verið staddur fyrir utan gróðurhús sem hann ætti við götuna og þá séð mann ganga eftir götunni með alvæpni sem vitninu fannst óeðlilegt. Vitnið Ingibjörg hefði þá hringt á lögregluna. Kvaðst vitnið hafa séð manninn leggja dótið frá sér í rjóður rétt hjá og ganga í burtu. Vitnið hefði því gengið að og skoðað það sem maðurinn lagði frá sér, sem hefði verið byssa, örvar og bogi ásamt fleiru.

Vitnið Júlíanna Bjarnveig Bjarnadóttir lögreglumaður gaf símaskýrslu fyrir dómnum og kvaðst hafa fengið tilkynningu um grunsamlegar mannaferðir í Hveragerði. Hefði vitnið farið ásamt öðrum lögreglumanni á vettvang og hitt ákærða. Kvaðst vitnið hafa þekkt ákærða frá fyrri störfum sínum í lögreglunni. Kvað vitnið ákærða hafa sagst þekkja íbúana í húsinu en vitninu fannst ákærði hafa verið í annarlegu ástandi.

Vitnið Sólrún Bjarnadóttir lögreglumaður gaf símaskýrslu fyrir dómnum og kvaðst hafa fengið tilkynningu um grunsamlegar mannaferðir í Hveragerði. Hefði vitnið ásamt vitninu Júlíönnu farið á vettvang og hitt ákærða fyrir. Hefði ákærði sagst hafa tekið umrædda muni og látið þá í rjóðrið. Aðspurt kvað vitnið ákærða hafa sagst þekkja fólkið í húsinu. Vitnið á staðnum hefði vísað lögreglunni á munina. Vitnið kannaðist ekki við að ákærði hefði gefið neinar skýringar á framferði sínu á staðnum. Önnur afskipti hefði vitnið ekki haft af málinu.

Vitnið Rúnar Þór Steingrímsson rannsóknarlögreglumaður kom fyrir dóminn og kvaðst hafa tekið skýrslur af ákærðu eftir að þau voru handtekin. Ákærða Björt hefði verið handtekin daginn eftir en þá hefði hún verið í annarlegu ástandi. Hefði hún verið í haldi þar til hægt var að taka skýrslu af henni.

Niðurstaða.

Ákærðu játuðu bæði háttsemi eins og henni er lýst í ákæruliðum II og III. Verða þau sakfelld fyrir þá háttsemi sem er réttilega heimfærð til refsíákvæða.

Ákærðu neita hins vegar bæði þeirri háttsemi sem lýst er í ákærulið I. Ákærða Björt lýsti fyrir lögreglu í upphafi að hún hefði farið inn í húsið að Varmahlíð 2 í Hveragerði í þeim tilgangi að stela þaðan munum. Fyrir dómnum kvaðst hún muna eftir því að hafa ekið til Hveragerðis en kvaðst ekki muna eftir atburðum frekar, utan að hún hafi ætlað að bjarga þaðan verðmætum. Engin skýring kom fram hjá ákærðu á breyttum framburði hennar fyrir dómnum en hún kvaðst lítið muna eftir atvikinu vegna vímuástands sem hún var í. Er framburður ákærðu fyrir dómnum óskýr og í algjörrri mótsögn við fyrri framburð hennar hjá lögreglu. Þá liggur fyrir, þrátt fyrir þá fullyrðingu ákærðu að hafa ætlað að bjarga verðmætum, að hluti af þýfinu fannst í hólfi á bak við viftu í eldhúsi að Unufelli 44 í Reykjavík. Er með ólíkindum að hún hafi valið þann stað til geymslu í þeim tilgangi að bjarga þeim frá gestum og gangandi.

Ákærði Sigmundur hélt því fram, bæði hjá lögreglu og fyrir dómnum,

að hann hefði ætlað að bjarga verðmætum. Hann kvaðst hafa haldið, þegar hann kom inn í húsið að Varmahlíð 2, að brotist hefði verið þar inn því allt hefði verið á rú og stúi. Því hefði hann ætlað sér að bjarga eigum húseigenda sem hefðu verið kunningjar hans. Þá kvaðst hann ekki hafa vitað að Suðurlandsskjálftinn hefði gengið yfir deginum áður. Í gögnum málsins liggur fyrir að ákærðu komu á heimili Auðar Ólafsdóttur að Engihjalla 25 í Kópavogi að kvöldi þess dags er jarðskjálftinn reið yfir Suðurland. Sú fullyrðing ákærða að hann hefði ekki haft hugmynd um jarðskjálftann daginn eftir er með ólíkindum og ótrúverðugur. Áhrif jarðskjálftans hefur næsta víst verið á vörum allra Íslendinga á því augnabliki, enda um lítið annað fjallað í fréttum þann dag og næstu daga.

Brotapoli í máli þessu kom fyrir dóminn og kvaðst þekkja ákærða Sigmundur frá fyrri tíð en hún væri í sambandi við konu hans. Fyrir lögreglu kvað hún ákærða ekki hafa átt neitt erindi heim til hennar. Þrátt fyrir að ekki hafi verið tekin formleg kæruskýrsla af henni við rannsókn málsins verður að telja nægjanlegt að hún lýsti yfir við lögreglu að hún gerði refsikröfu á hendur ákærða.

Af öllu ofansögðu þykir fullsannað að ákærðu hafi í sameiningu farið inn í húsið að Varmahlíð 2 í Hveragerði, og með því að bera út muni, bæði í bifreið ákærðu og út í runna, hafi ásetningur staðið til að stela umræddum hlutum sem fundust í bifreiðinni, í runnanum og á heimili ákærðu Bjartar. Verða ákærðu því sakfelld fyrir þá háttsemi eins og henni er lýst í ákærulið I en hún er réttilega færð til refsíákvæða.

Samkvæmt sakavottorði ákærðu Bjartar á hún langan brotaferil að baki. Þann 20. nóvember 2008 var hún dæmd í átján mánaða fangelsi fyrir ýmis auðgunarbrot, umferðarlagabrot auk þess að vera svipt ökurétti í þrjú ár frá þeim degi. Brot það sem ákærða Björt hefur verið sakfelld fyrir nú framdi hún 30. maí 2008 og verður henni því gerður hegningarauki samkvæmt reglum 78. gr., sbr. 77. gr., almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Með vísan til þess verður ákærðu Björt ekki gerð sérstök refsing í máli þessu.

Ákærði Sigmundur á langan brotaferil að baki, allt frá árinu 1984, samkvæmt sakavottorði sem liggur fyrir í málinu. Ákærði var síðast dæmdur þann 2. febrúar 2009 í þrjátíu daga fangelsi fyrir ýmis umferðarlagabrot og brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni. Þá var ákærði dæmdur þann 18. desember 2008 í

300.000 króna sekt fyrir ýmis umferðarlagabrot og sviptur ökurétti í tvö ár. Brot það sem ákærði hefur verið sakfelldur fyrir nú framdi hann áður en ofangreindir dómur voru uppkveðnir og ber því að gera honum hegningarauka samkvæmt reglum 78. gr., sbr. 77. gr., almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Refsing ákærða er nú ákveðin fangelsi í einn mánuð. Ekki þykir tilefni til að skilorðsbinda refsinguna. Þá skal ákærði sæta upptöku eigna eins og greinir í dómsorði.

Ákærðu ber að greiða allan sakarkostnað sem hlotist hefur af máli þessu, sem eru málsvarnarlaun verjanda þeirra.

Ákærða Björt greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hrl., 150.000 krónur, auk ferðakostnaðar, 13.745 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti.

Ákærði Sigmundur Heiðar Árnason greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Stefáns Karls Kristjánssonar hdl., 150.000 krónur, auk ferðakostnaðar, 27.490 krónur, allt að meðtöldum virðisaukaskatti.

D ó m s o r ð :

Ákærðu Björt Karlsdóttur er ekki gerð sérstök refsing í máli þessu.

Ákærða greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hrl., samtals 163.745 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Ákærði Sigmundur Heiðar Árnason sæti fangelsi í einn mánuð.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Stefáns Karls Kristjánssonar hdl., 177.490 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Ákærði sæti upptöku á ERA-haglabyssu með eintaksnúmer 117292 og 23 haglaskotum, belgískum riffli með eintaksnúmer 69163, 44. calibera skammbyssu með eintaksnúmer 32973, exi og kastspjóti.

Ástríður Grímsdóttir